

Samantekt úr könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands



Mat á árangri stuðningsverkefna

Impru nýsköpunarmiðstöðvar



impru nýsköpunarmiðstöð
Iðntæknistofnun

Stuðningsverkefni Impru hafa þegar skilað árangri

Til þess að leggja mat á árangur stuðningsverkefna sem Impru hefur rekið á landsbyggðinni á árunum 2003–2006 var Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands falið að vinna könnun meðal þátttakenda.

Á tímabilinu tóku 303 fyrirtæki og einstaklingar þátt í verkefnum Impru. Svörun í könnuninni var 86,10%.

Skýrslu Félagsvísindastofnunar má finna í heild á vefslóðinni www.impra.is/stuðningsverkefni

Niðurstöður könnunarinnar sýna glögg að stuðningsverkefni Impru hafa þegar skilað mikilvægum árangri á ýmsum sviðum þróunar og rekstrar. Könnunin sýnir að velta þátttökufyrirtækjanna jókst um rúman milljarð.

Könnunin náði til þessara verkefna:

Þróun í starfandi fyrirtækjum er verkefni þar sem unnið er með fyrirtækjum að þróun nýrrar vöru eða þjónustu.

Frumkvöðlastuðningur er verkefni þar sem boðið eru upp á stuðning til að þróa nýsköpunarhugmyndir einstaklinga og smærri fyrirtækja.

Skrefi framár er stuðningur við starfandi fyrirtæki til að afla sér ráðgjafa sem tengd er úrbótum eða aukinni sókn í rekstri fyrirtækja.


Nýsköpun í starfandi fyrirtækjum er verkefni þar sem ráðgjafi vinnur með stjórnendum við að bæta árangur í rekstri, nýsköpun og markaðssókn.

Brautargengi er námskeið fyrir konur sem vilja hrinda viðskiptahugmyndum sínum í framkvæmd. Á landsbyggðinni hafa 166 lokið námskeiðinu, auk 580 á höfuðborgarsvæðinu.

Sóknarbraut er námskeið fyrir frumkvöðla og stjórnendur smáfyrirtækja sem vilja auka þekkingu sína á rekstri og gera nýjar viðskiptahugmyndir að veruleika.




Hefur verkefnið þegar stuðlað að betri árangri í rekstri?




Ráðgjöf er veigamikill hluti í öllum verkefnum Impru og telur mjög stór hluti þátttakenda verkefnið auka rekstrarárangur.

Hefur verkefnið þegar leitt til aukinnar markaðssóknar?




Í harðri samkeppni ráða markaðsvinna og markaðsmál oft úrslitum um hvernig til tekst. Impra stefnir að því að auka vægi markaðsmála í þjónustu sinni.

Telur þú að verkefnið hafi átt þátt í að auka veltu fyrirtækisins?




Í nær öllum verkefnum er stefnt að því að auka veltu og umsvif. Nú þegar hefur það tekist hjá helmingi þátttakenda. Mörg verkefni eru enn í vinnslu og frekari árangur á eftir að koma í ljós.

Hefur verkefnið leitt til þess að ný vara eða þjónusta var sett á markað?




Rúmlega helmingur þátttakenda hefur þegar sett nýja vöru eða þjónustu á markað, en það hlutfall mun væntanlega hækka þar sem hluti verkefna er enn í vinnslu.

Hefur verkefnið leitt til aukinnar þekkingar á stofnun eða rekstri fyrirtækja?




Eitt meginmarkmið Impru er að auka þekkingu á rekstri. Eins og fram kemur á myndinni telur mikill meirihluti þátttakenda að markmiðið hafi náðst.

Hefur verkefnið þegar skilað sér í gerð viðskiptaáætlunar?



Um 77% þátttakenda hafa unnið viðskiptaáætlun í verkefnum sínum, enda leggur Impra áherslu á góða undirbúningsvinnu áður en ráðist er í stofnun fyrirtækis, eða þróunarstarf.


Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með verkefni Impru?



Meirihluti þátttakenda (samtsals 84%) var frekar ánægður eða mjög ánægður með verkefni Impru.




Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu starfsmanna Impru?



Mikill meirihluti þátttakenda (samtsals 90%) var mjög eða frekar ánægður með þjónustu starfsmanna Impru.



Finnst þér þörf á aukinni stuðningsþjónustu við frumkvöðla eða fyrirtæki?



Myndin sýnir afstöðu svarenda til spurningarinnar um hvort þörf sé á aukinni stuðningsþjónustu við frumkvöðla eða fyrirtæki. Í töflunni má sjá að mikill meirihluti (samtsals 86%) taldi svo vera.

Impra nýsköpunarmiðstöð

Impra er miðstöð upplýsinga og leiðsagnar fyrir frumkvöðla og fyrirtæki á Íslandi. Starfsstöðvar eru í Reykjavík og á Akureyri. Hjá Impru hafa frumkvöðlar og stjórnendur fyrirtækja aðgang að fjölbreyttri þjónustu og stuðningsverkefnum sem hafa það meginmarkmið að hvetja til nýsköpunar og framgangs nýrra viðskiptahugmynda.



impra nýsköpunarmiðstöð
Iðntæknistofnun

Keldnaholti • 112 Reykjavík • Sími 570 7100 • Fax 570 7111 • www.impra.is
Borgum við Norðurstöð • 600 Akureyri • Sími 460 7970 • Fax 460 7971 • www.impra.is